

AUGLÝSING

um umferð á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum skipulags- og umferðarnefndar Seltjarnarnesbæjar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið:

1. að afnema biðskyldu á Norðurströnd gagnvart umferð um Bygggarða;
2. að biðskylda verði á Byggörðum gagnvart umferð um Norðurströnd.

Biðskyldan er táknuð með umferðarmerkinu A06.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 16. apríl 2018.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2018